

**Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar**  
**16. fundur**  
**Þriðjudaginn 18. september 2007, kl. 20-21:30**  
**í Brekkuskóla**

**fundargerð**

mætt: Anna Kristveig, Sigríður, Kristján, Hjörleifur, Kristín  
fundarritari: Kristín Þóra Kjartansdóttir

Eftirfarandi tekið fyrir:

1. Verkaskipting nefndarinnar rædd en ákveðið að fresta endanlegri verkaskiptingu til næsta fundar.
2. Nýr fundartími nefndarinnar ákveðinn og verður hér eftir mánaðarlega og þá 2. þriðjudag í mánuði kl. 20:30. Næsti fundur er því þriðjudaginn 9. okt. n.k. Kristín tekur að sér að senda út fundarboð fyrir þann fund.
3. Tekið fyrir erindi frá Skipulagsdeild Akureyrarbæjar varðandi fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Gróðrarstöðvar og safnasvæðis við Krókeyri og tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar. Farið yfir gögnin, skoðuð kort og lýsingar á fyrirhugaðri starfsemi á umræddum svæðum. Nefndarfólk sér ekkert athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar og gerir engar athugasemdir við þær, heldur fagnar þeirri uppbyggingu sem kemur til með að verða á safnasvæðinu. Þó verði að huga enn betur að umferð á þessu svæði og er það tekið fyrir sérstaklega í næsta lið.
4. Umferð gangandi og hjólandi vegfarenda við neðri hluta Miðhúsabrautar og meðfram Drottningabraut rædd. Eftirfarandi ályktun um þetta mál samþykkt: “Aukin uppbygging í Naustahverfi sem og á Krókeyri og fyrirhuguð bygging á slökkvistöð við Drottningabraut kallar á það að hugað verði enn betur að umferð á þessu svæði, það er á neðri hluta Miðhúsabrautar (frá gatnamótum við Þórunnarstræti) niður að Drottningabraut. Sérstaklega aðkallandi er að gerð verði gangbraut yfir Miðhúsabraut hjá Skautahöllinni við Naustafjöru, en reynslan sýnir að það er beinlínis hættulegt fyrir gangandi vegfarendur að fara yfir Miðhúsabrautina á þessum stað. Hér er þá ekki síst verið að tala um þau börn sem sækja æfingar og hreyfingu hjá Skautafélaginu. Nauðsynlegt er einnig að drifið verði í því að klára göngu- og hjólreiðastíg meðfram Miðhúsabrautinni allri niðureftir brekkunni frá suðurenda Þórunnarstrætis og að Drottningabraut, enda nærri ófært að vera þar á ferð án þess að vera á bíl. Nefndarfólk vill einnig þrýsta á lagningu gangvegjar og hjólabrautar meðfram Drottningabraut allri frá Menningarhúsinu sem nú er að rísa og suður að flugvelli.”

Þessi ályktun verður send starfsfólki Skipulagsdeildar og bæjarstjórn.

Fundi slitið.